

- 10 skoðendur, samkv. 4. gr., og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á komandi ári.
 19. febr. Aðalfundur hefir æðsta úrskurðarvald um öll mál félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um lagabreytingar og félagsslit (sjá 11. og 12. gr.).

7. gr.

Stjórnin boðar til funda, þegar henni þykir þurfa, eða ef fjórði hluti félagsmanna óskar þess skriflega og tilgreinir fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Semja skal skrá, samkv. lögum nr. 61, 23. júní 1932, er sýni hluta þann af stofnkostnaði og árskostnaði félagsins, sem hverjum félagsmanni ber að greiða. Gjaldskrá þessa skal aðalfundur samþykkja. Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á samþykkt félagsins og gjaldskrá. Gjaldldagi allra gjalda félagsins er 12. október.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 króna sektum, er renna í sýslusjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt og gjaldskrá félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og þó því aðeins, að tveir þriðju fundarmanna samþykki.

12. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir þriðju fundarmanna á tveim lögsmætum félagsfundum samþykkja félagsslit. Ef félagið á þá ekki fyrir skuldum, skal jafna skuldunum niður á félagsmenn, samkvæmt gjaldskrá. Eignir þær, er félagið kynni að eiga, skulu ávaxtast í hreppssjóði Skorradalshrepps, unz samskonar félagsskapur tekur til starfa á þessu svæði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Dalasýslu.

1. gr.

Sérhverri hreppsnefnd í þeim hreppum sýslunnar, þar sem æðarvarp er, skal skylt að sjá um eyðingu svartbaks.

2. gr.

Svartbak skal eyða með skotum. Hreppsnefnd ræður skotmenn, sem til þess eru færir, og skulu þeir fara með vitund varpeigenda um lönd þeirra og styggja sem

minnst æðarfuglinn. Laun skotmanna greiðast samkvæmt lögum um eyðing svart- **11**
baks, 40 aurar fyrir hvern skotinn svartbak. Skotmenn skulu sanna, hve marga 22. febr.
svartbaka þeir hafa skotið, á þann hátt að leggja fram á manntalsþingum hægri
væng fuglsins og skal hann þá um leið ónýttur. Þá er og gjalddagi skotlauna.

3. gr.

Svartbak má einnig eyða með eitri, virðist hlutaðeigandi hreppsnefnd sú að-
ferð nauðsynleg til útrýmingar fuglinum, og skal hreppsnefnd í hverjum þeim
hreppi, sem eitrun fer fram í, ráða til þess vel hæfa og vandvirka menn og ber
þeim að tilkynna hverjum ábúanda, hvenær og hvar þeir eitra í landi hans. Til eitru-
nar skal hafa sterkt eitur, en sem kvalaminnst.

Kostnaður við eitrun greiðist þannig: Sýslusjóður greiði andvirði eitursins, en
hlutaðeigandi hreppssjóður allan annan kostnað við eitrunina.

4. gr.

Eitrun fyrir svartbak fari fram í apríl, maí og júnímánuði og í október og
nóvember ár hvert.

5. gr.

Hver sá, er hindrar ráðnar svartbaksskyttur og eitrunarmenn að verki, eða
ónýtir það sem eitrað hefir verið á einhvern hátt án leyfis hlutaðeigandi oddvita,
sæti sektum frá 10—100 krónum. Ætli það, sem eitrað hefir verið, skal tekið og
grafið eða brennt innan mánaðar frá því, að eitrun hefir farið fram.

6. gr.

Skytt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlis-
jarðar sinnar, eða öllum þeim löndum sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.
Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti
hann sektum frá 50—300 krónum.

Er hreppsnefndum rétt, ef ástæða þykir til, að ráða eftirlitsmann, er hafi sér-
stakt eftirlit með að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt, og kæri hann tafar-
laust, ef út af er brugðið fyrirmælum hennar.

7. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.
Mál þau, er rísa kunna út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem
opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist
hér með samkvæmt lögum nr. 66, 23. júní 1936, til þess að öðlast þegar gildi, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.